



## Fundargerð

### Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 5/2024 (nr. 106)

Dagsetning: 20. júní 2024 kl. 15:00-17:00

Staðsetning: Teams

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk:** Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sveinn Margeirsson (SM), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) og Laufey Haraldsdóttir (LH) sem ritar fundargerð. Róbert Smári Gunnarsson (RSG) boðaði forföll.

### Dagskrá 106. fundar 2024:

- Dagskrádrög fundar 106 - *Til samþykktar*
- Fundargerð fundar nr. 105 - *Til samþykktar*
- Gjaldskrá Háskólans á Hólum, beiðni frá framkvæmdastjóra um að framkvæmdaráð HH fái leyfi til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á gjaldskrá skólans - *Til samþykktar*
- Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH - *Til upplýsinga*
- Húsnæðismál Háskólans á Hólum - *Til upplýsinga*
- Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald - *Til upplýsinga*
- Önnur mál

### Afgreiðslur:

- Dagskrá fundar nr. 5/2024**
- Fundargerð fundar nr. 4/2024**
  - Liðir 1 og 2 samþykktir.
- Gjaldskrá Háskólans á Hólum.**

Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri gerir grein fyrir forsendum beiðninnar. Sumt af því sem er á samþykkttri og birtri gjaldskrá frá 2021 er úrelt, annað á heima inni á einstökum deildum háskólans en á ekki erindi við háskólaráð. Háskólaráð samþykkir beiðni framkvæmdarstjóra.
- Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH**

Fyrirhugaður er fundur með háskólaráðuneyti og stýrihópi HÍ og HH næstkomandi þriðjudag 25.6.2024. Á þeim fundi verður að hálfu HH lögð áhersla á að klára verkefnasamning um Samstarf háskóla verkefnið sem fjallar um myndun háskólasamstæðu til að verkefnið geti farið formlega af stað skv. uppfærðri fjárhags- og verkáætlun.
- Húsnæðismál Háskólans á Hólum**



Stoð verkfræðistofa vinnur að rýmisgreiningu (þarfagreiningu) v/húsnæðis HH á Sauðárkrúki. Mun skila því af sér 25.júní n.k. Framkvæmdasýsla - Rískiseignir (FSRE) vinnur enn að gerð kostnaðaráætlana sem er hluti af því að vinna heildarsýn fyrir framtíðarhúsnæðisþörf háskólans.

HS lagði fram þingskjal 1831 sem er nefndarálit fjárlaganefndar alþingis um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Líkt og áður hefur komið fram var Háskólans á Hólum ekki getið í upphaflegum drögum fjármálaáætlunar '25-'29. Þar segir m.a. „[...] gerð er tillaga um að leggja fjármagn til að hefja uppbyggingu í Skagafirði í tengslum við Háskólann á Hólum sem verður hluti af háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Tillagan miðast við að fjármagna uppbyggingu húsnæðis fyrir eldis- og rannsóknaraðstöðu fyrir fiskeldis og fiskalíffræðideild auk þess að tryggja betru aðstöðu námsbrautar í hestafræði.“ ([1831/154 nefndarálit: fjármálaáætlun fyrir árin 2025--2029 | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)). Háskólaráð fagnar þessum áfanga.

#### **6. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald.**

HS greinir frá því að Margrét Hallgrímsdóttir skrifstofu- og mannauðsstjóri í forsætisráðuneytinu, er formaður starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal. HS greinir einnig frá stöðu mála milli Hjaltadals ferðaþjónustu og Háskólans á Hólum. Borist hafði tilkynning rétt fyrir háskólaráðsfundinn til rektors frá framkvæmdastjóra Hjaltadals ferðaþjónustu um fyrirhugaða riftun verksamnings milli Háskólans á Hólum og Hjaltadals ferðaþjónustu. Framkvæmdastjóri Hjaltadals ferðaþjónustu bað um að bréfið bærst háskólaráði og framkvæmdaráði.

#### **7. Önnur mál**

**a)** HS upplýsti háskólaráð um að rektor hefði í bréfi til Arnar Karlssonar þann 5.6. 2024 hafnað að taka afstöðu til kröfu um viðurkenningu á tilvist meints hugverks, á uppruna þess og á eignarhaldi þess, Örn Karlsson svaraði tölvupóstinum og sagðist ekki vera sáttur við þá afgreiðslu. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við afgreiðslu rektors.

**b)** HS greinir frá því að góð aðsókn hafi verið aðnámi við Háskólann á Hólum á komandi skólaári. Háskólaráð fagnar því.